



SSV

þróun og ráðgjöf

Ástand fjarskipta á Vesturlandi

Samantekt

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Internet.....	2
Úttekt á stöðu nettenginga hjá skólum og sveitarfélögum	4
Grunnskólar	4
Framhaldsskólar.....	4
Háskólar/Rannsóknastofnanir	5
Sveitarfélög.....	5
Farsími.....	6
Sjónvarp/útvarp.....	6
Ljósleiðari.....	7
Viðauki I. Vitnisburður íbúa	12
Hvalfjarðarsveit.....	12
Borgarfjarðardalir	13
Dalabyggð	14
Mýrar og sunnanvert Snæfellsnes	14
Norðanvert Snæfellsnes	17

Myndaskrá

Mynd 1. Samhengi fjarlægðar frá símstöð til notenda og gagnaflutnings-hraða (mb/s) mismunandi tenginga	3
Mynd 2. Ljósleiðarakerfi Milu	7
Mynd 3. GSM-dreifkerfi Símans á Vesturlandi	8
Mynd 4. 3G dreifkerfi Símans á Vesturlandi. Dökkblátt: 3G, grátt:3GL; ljósblátt: 3GL-sjóáskrift.....	8
Mynd 5. Þjónustusvæði Vodafon á Vesturlandi. Grátt: GSM (langdrægt), dökkgrátt: 3G	9
Mynd 6. Þjónustusvæði Nova á Vesturlandi. Ljósblátt: GSM, Grænt: 3G	9

Töfluskrá

Tafla 1. Staðir á Vesturlandi sem teljast utan markaðssvæðis.	10
--	----

Inngangur

Öflug fjarskipti eru lífæð nútímasamfélags og skipta máli fyrir atvinnu, frístundir, öryggi og almenna upplýsingagjöf. Í þessari skýrslu er sjónum beint að ástandi fjarskipta á Vesturlandi – sérstaklega í hinum dreifðu byggðum. Undir hugtakið „fjarskipti“ falla nettengingar, símatengingar, sjónvarp og útvarp. Grunnnet útvarps og sjónvarps eru í ríkiseigu en að öðru leyti eru fjarskipti að mestu leyti á frjálsum markaði. Þetta þýðir að í þéttbýli er framboð og gæði að jafnaði með ágætum en nettengingar og gsm samband er oft lakara í dreifbýli þar sem rekstrartekjur standa ekki undir fjárfestingum í grunnneti.

Fjarskipti eru meðal áhersluatriða í Sóknaráætlun 20/20 og er ætlunin að tengja Fjarskiptaáætlun öðrum áætlunum fyrir hvern landshluta. Samkvæmt gildandi Fjarskiptaáætlun eiga allir landsmenn að eiga vól á tölvutengingu með að lágmarki 2 mb/s hraða. Þá á að vera komið GSM samband við alla helstu þjóðvegi og fjölfarnari ferðamannastaði.

Þótt margt hafi áunnist síðustu ár er víða langt í land með að nettengingar og önnur fjarskipti séu viðunandi. Margir staðir njóta ekki þeirrar lágmarks netþjónustu sem tilskilin er í Fjarskiptaáætlun og víða úti á landi hefur „markaðurinn“ reynst ófær um að veita þá þjónustu sem reiknað var með. Slakar nettengingar, lélegar sjónvarpssendingar og ófullnægjandi GSM samband stendur víða í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja, sérstaklega í ferðaþjónustu, og veikir þannig búsetu.

Við vinnslu þessarar úttektar var sendur tölvupóstur á alla sveitarstjóra, bændur, grunnskóla, framhaldskóla, háskóla og rannsóknastofnanir á Vesturlandi. Einnig öll ferðaþjónustufyrirtæki á skrá hjá Markaðsstofu Vesturlands.

Internet


Gögn fyrir netnotkun eru flutt með ljósleiðurum, koparvörum, örbylgjusendum og gervihnöttum. Gæði tenginga eru metin eftir því hversu hratt gögn berast milli staða og hversu oft sambandið rofnar. Sambandsrof er sérstaklega óheppilegt þegar unnið er í beinlínusambandi t.d. í heimabanka, bókunarkerfi ferðaþjónustu eða skýrsluhaldskerfi búfjárræktar. Hraðinn skiptir máli fyrir alla vinnslu og frá upphafi netnotkunar hafi hraði gagnaflutnings verið lykilatriði fyrir þróun netnotkunar.

Hraðinn á gagnaflutningi er oftast metinn í einingunni mb/s eða megabitum á sekúndu. Rétt er að halda til haga muninum á bita og bæti. Á meðan gagnamagn er yfirleitt metið í einingunni *bæti* með einingunum kíló- eða mega- fyrir framan þá er flutningshraðinn metinn í *bitum*. Hvert bæti rúmar 8 bita þannig að tenging með hraðann 8 mb/s flytur 1 megabæti á sekúndu¹. Eins og áður sagði er markmið Fjarskiptasjóðs að tryggja öllum landsmönnum 2 mb/s sem þýðir að megabætið væri 4 sekúndur að hlaðast niður. Þótt þannig tenging geti talist ásættanleg í dag mun þróunin í netnotkun án efa gera það að verkum að innan fárra ára þarf að setja ný viðmið.

Hraðvirkasta flutningsleið netgagna er ljósleiðarar. Þeir hafa mjög mikla flutningsgetu og nú bjóðast ljósleiðaratengingar á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum með 50-100 mb/s hraða. Gallinn við ljósleiðara er að hann þarf að leggja hvert hús fyrir sig og stofnkostnaður er því mjög hár. Með því að nýta tækifærið þegar aðrar lagnir í þéttbýli eru endurnýjaðar má þó ná stofnkostnaðinum verulega mikið niður og þannig má búast við að flestir þéttbýlisstaðir á landinu verði ljósleiðaravæddir á næstu árum.

¹ Hver biti rúmar tvo möguleika (0/1). Átta bitar rúma því 256 möguleika (2⁸) sem er talið nægjanlegt fyrir alla stafi og tákni stafrófsins. Þess vegna eru 8 bitar í bætinu.

Sú leið sem oftast er farin utan höfuðborgarsvæðisins er að nýta tiltæka koparvíra til gagnaflyttings með tækni sem gengur undir skammstöfuninni ADSL. Hefðbundnar ADSL tengingar eru með allt að 12 mb/s hraða² en flyttingsgetan er mjög háð fjarlægð frá sírstöð til notanda. Í sumum þéttbýlisstöðum er boðið upp á hraðvirkari ADSL tengingar (ADSL-2 eða VDSL). Mynd 1 sýnir samhengi flyttingsgetunnar og langdrægni fyrir mismunandi ADSL tækni. Eins og sést á myndinni hefur VDSL mjög mikla flyttingsgetu (allt að 55



Mynd 1. Samhengi fjarlægðar frá sírstöð til notanda og gagnaflyttingshraða (mb/s) mismunandi tenginga

mb/s) en ef vegalengdin frá sírstöð til notanda er meiri en 1 km er flyttingsgetan komin niður í 30 mb/s. Almennst sé nýttist ADSL tæknin einungis þar sem notendur eru innan við 5 km frá sírstöð eða sambærilegum tengipunkti.

Staðir sem eru meiri en 5 km frá sírstöð eru tengdir með örbylgju eða í gegnum gervihnött. Í báðum tilvikum er aðeins tiltekin bandvidd til ráðstöfunar og því meiri sem notkunin er (fleiri notendur), því verra verður samband hvers og eins. Örbylgjutæknin krefst uppsetningu örbylgjusenda og að notandinn sé í sjónlínu við sendinn.

Víðast á Vesturlandi eiga íbúar kost á fullnægjandi nettengingum frá einkafyrirtækjum. Fjarskiptasjóður heldur lista yfir þá staði sem eru utan markaðssvæða einkaaðila og alls eru ríflega 150 staðir á Vesturlandi á þessum lista (sjá töflu 1). Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptasjóði hefur öllum þessum aðilum verið boðin nettenging (>2 mb/s) þótt sumir hafi ekki þegið hana. Þar sem tengingarnar sem boðnar eru byggja oftar en ekki á örbylgju eða gervihnetti hefur ekki alltaf tekist að tryggja lágmarksgæði til notanda.

Annað vandamál við þetta fyrirkomulag er að á stórum svæðum hafa íbúar ekki val um þjónustuaðila. Jafnvel þekkist að sveitarfélög hafi gert samning við tiltekin fyrirtæki um að veita netþjónustu og greiði hluta af kostnaðinum beint til fyrirtækisins. Þannig er með beinum hætti komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki eigi möguleika á að bjóða þjónustu sína á viðkomandi svæði. Einokunarstaða af því tagi getur ekki talist viðunandi nema þá aðeins að stjórnvöld hafi virkt eftirlit með verði og gæðum þjónustunnar. Á því hefur verið misbrestur og margir staðir í dreifbýli búa þess vegna ennþá við óviðunandi netsamband. Í viðauka I kemur fram að margir íbúar á Vesturlandi hafa ekki aðgengi að fullnægjandi netþjónustu og á það bæði við um staði sem eru á lista Fjarskiptasjóðs og staði sem eiga að njóta þjónustu einkafyrirtækja.

² Til samanburðar má nefna að gömlu ISDN tengingarnar sem nú eru að mestu aflagðar náðu að hámarki 128 kb/s flyttingshraða.

Úttekt á stöðu nettenginga hjá skólum og sveitarfélögum

Nettengingar eru sérstaklega mikilvægar fyrir skóla og fræðasetur. Þá skipta þær líka máli fyrir sveitarfélög enda er upplýsingagjöf opinberra aðila ein forsenda öflugs lýðræðis. Spurningar voru sendar til yfirmanna fræðslu- og rannsóknastofnana á Vesturlandi ásamt forsvarsmanna sveitarfélaga til að kortleggja stöðuna hjá þessum aðilum.

Grunnskólar

1. **Grundarskóli Akranesi:** Tengdur ljósleiðarakerfi Akranesbæjar. Staðan er fullnægjandi.
2. **Brekkubæjarskóli Akranesi:** Tengdur ljósleiðarakerfi Akranesbæjar. Staðan er fullnægjandi.
3. **Grunnskóli Hvalfjarðarsveitar:** Nýleg 10 mb/s tengingu og lítil reynsla er komin á gæðin.
4. **Grunnskólinn í Borgarnesi:** Beintengdur Nepal ehf. með sérstakri símalínu. Hraðinn og gæðin eru ásættanleg.
5. **Grunnskóli Borgarfjarðar:** GBF Varmalandi er með tengingu við IP-net símans (2 mb/s) góð og örugg leið en dýr þar sem greiða þarf kílómetragjald í Borgarnes. GBF Hvanneyri er með ADSL tengingu við Nepal sem er fremur hæg tenging. GBF Kleppjárnsreykjum er í örbylgjusamband við Nepal, ágætis hraði og lág bilanatíðni.
6. **Laugagerðisskóli:** Hringiðan þjónustar skólann en örbylgjusendir er í Kolviðarnesi. Það eru mjög oft vandamál við þessa tengingu. Hún er oft hæg og dettur líka út á milli, t.d ef skyggni er lélegt.
7. **Grunnskóli Snæfellsbæjar**
8. **Grunnskóli Grundarfjarðar:** Skólinn er með VDSL tengingu og er hún 26 mb/s í niðurhali og 4 mb/s í upphali.
9. **Grunnskólinn í Stykkishólmi:** Tengdur við miðlæga gátt ráðhússins með VDSL.
10. **Auðarskóli í Dalabyggð:** Tengdur í gegnum FS netið. Verð og gæði mjög ásættanleg.

Hluti grunnskólanna er mjög ánægður með sín mál en Laugagerðisskóli og GBF-Hvanneyri telja sig ekki hafa fullnægjandi tengingu. Auðarskóli í Dalabyggð er tengdur FS-netinu þar sem hann er í sama húsnæði og útstöð Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Skólastjórnendur eru ánægðir með þá þjónustu sem netið veitir. Hugsanlega gætu fleiri grunnskólar fengið leyfi til að tengjast inn í þá netgátt en samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu hefur enginn grunnskóli sótt um aðgang og ekki liggur fyrir hvernig þannig umsókn yrði afgreidd.

Framhaldsskólar

1. **Fjölbrautarskóli Snæfellinga:** Tengdur FS netinu, 100mb/s ljósleiðara-samband. Þessi tenging er að virka mjög vel og almenn ánægja með hana.
2. **Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi:** Tengdur í gegnum FS netið. Tæknilega séð gott en þykir dýrt.
3. **Menntaskóli Borgarfjarðar:** Tengdist nýlega FS neti framhaldsskóla og er mjög sáttur við sínar tengingar.

Eins og sjá má eru allir framhaldsskólarnir tengdir FS-netinu og almenn ánægja ríkir með þjónustustigið þótt skiptar skoðanir séu um verðskrána. FS-netið er sameiginlegt útboð allra framhaldsskóla og Símenntunarmiðstöðva á landinu þar sem óskað er tilboðs í tiltekna þjónustu. Útboðið er endurnýjað á 4 ára fresti.

Háskólar/Rannsóknastofnanir

1. **Háskólinn á Bifröst:** Á Bifröst er 1 Gb ljósleiðaratenging í gegnum RH-netið en skólinn nýtir aðeins 7-8% af afkastagetu hennar og er því að borga frekar hátt gjald miðað við notkun. Varatenging er í gegnum Fjarska.
2. **Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri:** Tengdur inn á RH-netið í gegnum ljósleiðara OR sem liggur í gegnum Hvanneyri og áfram þaðan yfir á Bifröst. Almenn ánægja er með tenginguna.
3. **Snorrastofa:** Tengd við Emax og þrátt fyrir að netsamband hafi stórbatnað síðustu 1-2 ár er sambandið ekki öruggt. Þannig missir Snorrastofa stundum viðskiptavinum vegna þess að ekki er hægt að tryggja öruggt samband.
4. **Háskólasetur Snæfellsness/Náttúrustofa Vesturlands:** Eru með sameiginlegt síma- og nettengingakerfi með Stykkishólmsbæ í ráðhúsi sveitarfélagsins. Vandamál eru fátið.
5. **Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð:** Vör er tengd við umheiminn í gegnum TSC Grundarfirði. Sú þjónusta var um tíma glöppótt en undanfarna mánuði hafa ekki verið vandamál.

Háskólarnir eru tengdir RH netinu sem er mjög hraðvirkt en Bifröst telur verðið of hátt. Snorrastofa og Vör hafa lent í vandamálum með hraða og bilanatiðni en setrin í Stykkishólmi njóta góðs af tengingum sveitarfélagsins.

Sveitarfélög

1. **Akranesbær:** Akraneskaupstaður og flestar stofnanir hans eru samtengdar í gegnum ljósleiðaranet (bæjarnet) í eigu Gagnaveitu Reykjavíkur. Eins og staðan er í dag þá eru 15 stofnanir tengdar netinu ásamt þeim aðila, sem þjónustar netið, en það er Tölvuþjónustan Securstore. Undantekning er ef stofnanir kaupstaðarins eru ekki komnar í samband við ljósleiðaranetið, en markmiðið er að sjálfsgöðu að allar stofnanir verði tengdar. Bæjarskrifstofa, tónlistarskóli, bókasafn og einn leikskóli eru einnig með símatengingar í gegnum ljósleiðaranetið. Almennt má segja að sambandið sé nokkuð gott og stöðugt, vinnsluhraði með ágætum og uppítími góður. Það er mat bæjaryfirvalda að gsm tengingar og móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps séu í góðu lagi á Akranesi.
2. **Eyja- og Miklaholtshreppur:** Nettenging er almennt léleg og er verulega kvartað yfir því. Bæði er hraðinn lélegur og tengingin á það til að rofna í tíma og ótíma.
3. **Hvalfjarðarsveit:** Ráðhús er tengt við Símann, tenging er fín. Með 3G hefur netsamband skánað mjög mikið. GSM er erfitt á svæðum við Hvalfjarðarströnd s.s. á Bjarteyjarsandi og svæðinu þar í kring. Sjónvarp er mjög slæmt víða í Svínadal, Botnsdal og við Hafnarfjall á takmörkuðum svæðum.
4. **Stykkishólmsbær:** Tengdur við internetið í gegnum IP net Símanns með tengingu sem er 10 Mbit í báðar áttir og hefur það verið nóg en er auðvelt að stækka í 100 Mbit. Sjá sjálf um að dreifa tengingunni til starfstöðva bæjarfélagsins með eigin VDSL- búnaði. Símkertið er einnig rekið á þessu VDSL neti með IP sírstöð sem er tengd við kerfi Símans með 30 línu (2 Mbit) tengingu. Ástand á GSM og ADSL í sveitarfélaginu er í nokkuð góðum málum. Aðgangur er að ADSL 2+ og einnig reka Síminn, Nova og Vodafone 3G GSM senda í sveitarfélaginu.
4. **Búðardalur:** Gamaldags ADSL sírstöð þannig að í boði er lágmarks ADSL þjónusta í Búðardal og næsta nágrenni (lítil bandvið). Ráðhús er með slíka tengingu með 6 mb/s hraða.

5. **Snæfellsbær:** Ný 8 mb/s tenging í ráðhúsinu en ekki enn komin reynsla á hversu vel hún virkar. Hafnirnar hafa verið í vandræðum með tengingar þar sem kerfin sem þeir þurfa að nota eru allstór og hugbúnaðurinn vistaður í Hafnarfirði. Þær tengingar sem notaðar eru eiga skv. söluaðila að duga en virðast ekki skila því sem lofað var.

Sveitarfélögin hafa yfirleitt góðar nettingar. Undantekningar eru Eyja- og Miklaholtshreppur og eins virðast ákveðin vandamál í Dalabyggð og Snæfellsbæ. Vandinn í Snæfellsbæ er dæmigerður fyrir þá sögu sem margir hafa að segja: Misræmi er milli þess sem söluaðilar þjónustunnar lofa og því sem síðar kemur í ljós.

Farsími

Farsímanotkun hefur á fáum árum breyst úr því að vera fyrst og fremst talsímaþjónusta yfir í að vera alhliða gagnaflutningur. Meðan flutningsgeta farsímakerfanna var lítil dugðu þeir einungis fyrir mjög takmarkaðan gagnaflutning (t.d. SMS skilaboð). Með hinum nýja 3G staðli fyrir farsímakerfi hefur opnast fyrir umfangsmikla gagnaflutninga þannig að 3G kerfið er sums staðar áhugaverður valkostur fyrir internettengingu³ en 3G kerfið hefur að jafnaði 1-2 mb/s afköst.

Þrjú símafyrirtæki reka sjálfstæð dreifikerfi hérlendis: Síminn, Vodafone og Nova. Til viðbótar eru Tal og Alterna á markaði en þau nota dreifikerfi Símans. Myndir 3-6 sýna þjónustusvæði Símans, Vodafons og Nova. Eins og myndirnar bera með sér er 3G samband í flestum þéttbýlisstöðum Vesturlands. Á Bifröst er aðeins 3G samband frá Nova og í Búðardal aðeins frá Símanum. Ekkert 3G samband er á Hellissandi og Rifi. Í dreifbýlinu eru öll þrjú fyrirtækin með tengingar í mestallri Hvalfjarðarsveit. Svipað á við í Borgarbyggð austan Langár, þó ekki í Lundarreykjadal og öllum Skorradal. Einungis Síminn býður upp á 3G samband annars staðar í dreifbýli. Dalabyggð er ágætlega dekkuð og sömuleiðis norðanvert Snæfellsnes. Hins vegar er engin 3G tenging frá Langá og vestur fyrir Vegamót og heldur engin tengin á utanverðu Snæfellsnesi. Hjá Símanum næst ekki GSM-samband frá Beruvík að Hellnum og er það bagalegt sérstaklega þar sem mikil umferð er á svæðinu meðal annars vegna ferðamanna sem heimsækja Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Almennt má því segja að 3G farsímasamband á Vesturlandi sé nokkuð gloppótt og full ástæða væri til að fara í sjálfstæða úttekt á því hvar stærstu götin eru þannig að hægt sé að vinna skipulega að bótum á kerfinu.

Sjónvarp/útvarp

Sjónvarpsendingar RUV um gervihnött hófust í apríl 2010. Til að ná þeim þarf gervihnattadisk og gervihnattaviðtæki. Með þessum búnaði ætti að vera hægt að ná sendingum RUV (útvarp/sjónvarp) alls staðar á landinu og á miðum. Sent er í gegnum Thor gervihnött en enn sem komið er hafa aðrar íslenskar sjónvarps- og útvarpsstöðvar ekki valið að nýta þessa tækni.

Bæði Síminn og Vodafone bjóða sjónvarpsendingar á stafrænu formi. Hjá Símanum heitir þjónustan „Sjónvarp Símans“. Til að ná því þarf ADSL tengingu með að lágmarki 4 mb/s tengihraða (í raun þarf 6-8 mb/s ef ætlunin er að nýta netsamband á sama tíma og sjónvarp). Þetta næst á flestum stöðum í þéttbýli á Vesturlandi. Vodafone býður upp á „Digital Ísland“. Á Akranesi er hægt að tengjast Digital Íslandi með örbylgjusambandi, ljósleiðara eða í gegnum ADSL, í Borgarnesi um ADSL eða greiðu-loftnet og annars staðar í þéttbýli Vesturlands eingöngu um greiðu-loftnet. Aðeins Akranes nær fullum


³ Með mikilli einföldun má segja að 2G farsímakerfið hafi annað 10-15 kb/s, 3G kerfið annað hundruð sinnum meiri flutningi eða 1-2 mb/s og að 4G kerfið muni annað 100-1000 sinnum meiri flutningi en 3G.

gagnapakka frá Digital Íslandi eða 75 stöðvum, á meðan Borgarnes nær 19 stöðvum og aðrir þéttbýlisstaðir á Vesturlandi einungis 8 stöðvum. Víðast í sveitum næst ekkert af þessu. Bæði Síminn og Vodafone útvarpa öllum íslensku stöðvunum.

Bylgjan næst illa eða ekki á nokkrum stöðum á Vesturlandi en sums staðar næst hún þar sem Rás 2 næst ekki. Aðrar útvarpsstöðvar nást að jafnaði ekki nema á Akranesi. Ekki reyndist mögulegt að kortleggja nákvæmlega útbreiðslu útvarps og sjónvarps en ljóst af viðbrögðum íbúa sem koma fram í Viðauka I að víða skortir nokkuð á að samband sé viðunandi.

Ljósleiðari


Ljósleiðari liggur um mest allt Vesturland og á honum eru fjölmargir tengipunktur. Hins vegar er aðeins Akranes með ljósleiðaratengingar inn í hvert heimili, en sú tenging er frá Gagnaveitu OR. Svo virðist sem verðskrá Milu sé að vissu leyti hamlandi fyrir nýtingu á ljósleiðurum í dreifbýli. Full ástæða væri til að kanna með hvaða hætti væri hægt að hafa áhrif á verðskrá fyrirtækisins þannig að hún virki ekki eins hamlandi á uppbyggingu netsambands í dreifbýli.



Mynd 2. Ljósleiðarakerfi Milu



Mynd 3. GSM-dreifkerfi Símans á Vesturlandi



Mynd 4. 3G dreifikerfi Símans á Vesturlandi. Dökkblátt: 3G, grátt:3GL; ljósblátt: 3GL-sjóáskrift



Mynd 5. Þjónustusvæði Vodafon á Vesturlandi. Grátt: GSM (langdrægt), dökkgrátt: 3G



Mynd 6. Þjónustusvæði Nova á Vesturlandi. Ljósblátt: GSM, Grænt: 3G

Tafla 1. Staðir á Vesturlandi sem teljast utan markaðssvæðis. Skv. upplýsingum frá Fjarskiptasjóði, á þessum stöðum að hafa boðist lágmarkstenging frá Símanum (2 mb/s).

Sveitarfélag	Staður	Sveitarfélag	Staður
Borgarbyggð	Gilstreymi	Dalabyggð	Leikskálar
Borgarbyggð	Hrísar	Dalabyggð	Lindarholt
Borgarbyggð	Kalmanstunga 1	Dalabyggð	Lyngbrekka
Borgarbyggð	Kalmanstunga 2	Dalabyggð	Lækur
Borgarbyggð	Örnólfsdalur	Dalabyggð	Magnússkógar 2
Dalabyggð	Á	Dalabyggð	Magnússkógar 3
Dalabyggð	Álfheimar	Dalabyggð	Manheimar
Dalabyggð	Ásar	Dalabyggð	Miðskógur
Dalabyggð	Ásgarður	Dalabyggð	Mikligarður
Dalabyggð	Ásgarður	Dalabyggð	Neðri Brunná
Dalabyggð	Bessatunga	Dalabyggð	Neðri Hundadalur 1
Dalabyggð	Bíldhóll	Dalabyggð	Neðri Hundadalur 2
Dalabyggð	Bjarmaland	Dalabyggð	Orrahóll
Dalabyggð	Blönduhlíð	Dalabyggð	Rauðbarðaholt
Dalabyggð	Brautarholt 2	Dalabyggð	Rauðbarðaholt
Dalabyggð	Breiðabólsstaður	Dalabyggð	Sauðafell
Dalabyggð	Brunná	Dalabyggð	Sauðafell
Dalabyggð	Bugðustaðir	Dalabyggð	Saumastofan Saumur
Dalabyggð	Bær	Dalabyggð	Saurhóll
Dalabyggð	Dunkárbakki	Dalabyggð	Saurstaðir
Dalabyggð	Dunkur	Dalabyggð	Sámsstaðir 1
Dalabyggð	Efri Brunná	Dalabyggð	Seljaland
Dalabyggð	Efri Múli	Dalabyggð	Silfraskógar
Dalabyggð	Eiríksstaðir - Tilgátuhús	Dalabyggð	Skarð 1
Dalabyggð	Emmuberg	Dalabyggð	Skarðsá
Dalabyggð	Engihlíð	Dalabyggð	Skarðskirkja
Dalabyggð	Erpsstaðir	Dalabyggð	Skerðingsstaðaland
Dalabyggð	Fellsendi hjúkrunarheimili	Dalabyggð	Skerðingsstaðir
Dalabyggð	Fellsendi I	Dalabyggð	Skerðingsstaðir
Dalabyggð	Fellsendi II	Dalabyggð	Skriðuland
Dalabyggð	Foss	Dalabyggð	Skörð
Dalabyggð	Fremri Brekka	Dalabyggð	Sólheimar
Dalabyggð	Fremri Hundadalur	Dalabyggð	Spágilsstaðir
Dalabyggð	Geirmundarstaðir	Dalabyggð	Staðarfell
Dalabyggð	Geirshlíð	Dalabyggð	Staðarfell
Dalabyggð	Gillastaðir	Dalabyggð	Staðarfell
Dalabyggð	Gillastaðir II	Dalabyggð	Staðarfell
Dalabyggð	Goddastaðir	Dalabyggð	Staðarfell
Dalabyggð	Gröf	Dalabyggð	Stóra Holt 2
Dalabyggð	Gröf	Dalabyggð	Stóra Tunga
Dalabyggð	Gunnarsstaðir	Dalabyggð	Stóra Vatnshorn
Dalabyggð	Hallsstaðir	Dalabyggð	Stóra-Vatnshorn

Dalabyggð	Hamrar	Dalabyggð	Stóri Skógur 2
Dalabyggð	Harastaðir	Dalabyggð	Svarfhóll
Dalabyggð	Harrastaðir	Dalabyggð	Svarfhóll
Dalabyggð	Harrastaðir	Dalabyggð	Svínhóll
Dalabyggð	Háafell	Dalabyggð	Sælingsdalstunga
Dalabyggð	Hlíð	Dalabyggð	Sælingsdalur
Dalabyggð	Hofakur	Dalabyggð	Sælingsdalur
Dalabyggð	Hornstaðir	Dalabyggð	Tjaldanes 1
Dalabyggð	Hólar	Dalabyggð	Tjarnarlundur
Dalabyggð	Hóll	Dalabyggð	Tunga
Dalabyggð	Hróðnýjarstaðir	Dalabyggð	Valpúfa
Dalabyggð	Hvammur	Dalabyggð	Vatn
Dalabyggð	Hvítidalur 2	Dalabyggð	Vífilsdalur
Dalabyggð	Hvítidalur 3	Dalabyggð	Vígholtsstaðir
Dalabyggð	Hvoll	Dalabyggð	Ytra Leiti
Dalabyggð	Hörðuból	Dalabyggð	Ytri Fagridalur
Dalabyggð	Innra Leiti	Dalabyggð	Þorbergsstaðir
Dalabyggð	Innri Fagridalur	Dalabyggð	Þurranes
Dalabyggð	Kaldakinn	Dalabyggð	Þverfell
Dalabyggð	Kjarlaksvellir	Grundarfjarðarbær	Berserkseyri
Dalabyggð	Kjarlaksvellir	Grundarfjarðarbær	Kolgrafir
Dalabyggð	Klifmýri	Grundarfjarðarbær	Naust
Dalabyggð	Klifmýri 2*)	Grundarfjarðarbær	Nýjabúð
Dalabyggð	Kringla	Grundarfjarðarbær	Skallabúðir
Dalabyggð	Kvennabrekka	Grundarfjarðarbær	Vatnabúðir
Dalabyggð	Kvennahóll	Hvalfjarðarsveit	Litli Botn
Dalabyggð	Kverngrjót	Snæfellsbær	Brimilsvellir
Dalabyggð	Lambanes	Snæfellsbær	Forna Fróðá
Dalabyggð	Lambeyrar	Snæfellsbær	Geirakot 1
Dalabyggð	Laugaland	Snæfellsbær	Geirakot 2
Dalabyggð	Laugar / Hótel Edda	Snæfellsbær	Geirakot 3
Dalabyggð	Laugasel	Snæfellsbær	Mávahlíð
Dalabyggð	Laugavellir	Snæfellsbær	Tunga
Dalabyggð	Leiðólfssstaðir	Snæfellsbær	Varmilækur

*) Ekki nógu gott samband; TJ.

Viðauki I. Vitnisburður íbúa

Fyrirspurnir voru sendar út á alla sveitarstjóra, alla starfandi bændur á Vesturlandi og lista Markaðsstofu Vesturlands yfir aðila í ferðaþjónustu. Fólk var beðið um að gera grein fyrir helstu vandamálum tengd fjarskiptum á sínum stöðum. Hér að neðan eru þessar reynslusögur flokkaðar eftir svæðum.

Hvalfjarðarsveit

Á xxx er þráðlaust net á vegum emax. Ég ætla svo sem ekkert að kvarta neitt sérstaklega undan því, yfirleitt eru skilyrði bara alveg ágæt, en það koma samt tímabil þar sem þetta er algjörlega óviðunandi ástand. Við höfum engan möguleika á öðru. t.d. ljósleiðara, gsm pung, adsl eða hvað sem þetta nú allt heitir!

Þá er vonlaust að tala í gsm síma hér, sem er algjörlega afleitt.

Rás 1 og 2 nást ágætlega í útvarpi, en þar með eru þær stöðvar sem nást upp taldar.

Ríkissjónvarpið sést yfirleitt og oftast í lit og yfirleitt hljóð með en það gerist samt nokkrum sinnum á ári að sjónvarpsskiyrði hér eru það léleg að það reynist ógerlegt að horfa á ríkissjónvarpið. Hvað þá aðrar stöðvar, þær nást engan vegin.

Við erum um 10 manns sem búum hér á xxx, og erum m.a. að baslast við að reka hér nokkur fyrirtæki og þjónustu. Urbætur í fjarskiptum hér væru þvilik bylting!

Ferðaþjónustubóndi í Hvalfirði

Það tók okkur langan tíma og mikið þras að koma netmálum í þokkalegt stand, á tímabili gekk ekki fyrir xxx að vinna heiman frá okkur líkt og hún hafði samning um í vinnunni þar sem tengingin var léleg.

Nánast ekkert gsm samband er innandyra og útvarp og sjónvarp vægast sagt mjög lélegt.

Ekki er allstaðar hægt að hlusta á útvarpssendingar í húsum og netið ekki nógu öflugt til að t.d. sé hægt að horfa á sjónvarpsútsendingar eða hlusta á útvarp úr tölvu með góðu móti!

Gott netsamband og fleiri möguleikar á sjónvarpi og útvarpi væri þvilikt til að bæta ástandið þarna og ég tala nú ekki um fyrir atvinnustarfssemi og sumarhúsabyggð.

Bændur í Hvalfirði

Niðurrhalshraði minn er 1,4 mb/s og upphalshraði er 281 - 350 kl. 20:38 þann 25 maí 2011.

Bóndi í Melasveit

Netsambandið á xxx í Melasveit er mjög ábótavant. Eina lausnin sem hefur verið í boði er Emax en það hefur dettur út í tíma og ótíma.

Bóndi í Melasveit

Ég er líklega einn af þeim sem er sagður vera með góða nettengingu og hún er það eflaust á nóttinni en hún dettur mjög hratt niður þegar fólk kemur heim úr vinnu eða skóla og er stundum það slæm að maður þarf að bíða á aðra mínútu eftir því að venjulegar fréttasíður komi upp. Hún getur verið góð og mjög slæm og allt þar á milli. Við erum tengd Emax. Ég prufaði hana rétt áðan en þá var klukkan orðin 23,45 og var niðurrhalið 813kb/s og upphalið 132 kb/s en ég hef séð hana fara aðeins yfir 1500 kb/s. Bóndi í Melasveit.

Hérna kemur staðan eins og hún er hjá okkur;

- GSM og 3G: Alls ekki nógu gott og fer eftir því hvað maður er staðsettur í húsinu/húsunum.

- Sjónvarp (RUV/Stöð 2): Ágætt

- Rás1/Rás2: Mjög gott en aðrar útvarpssendingar, sumar góðar en aðrar ekki.

Ferðaþjónustuaðili í Hvalfirði

Hér í xxx í Hvalfirði er staðan þannig að sími virkar; Gsm virkar að heita má; ADSL er ekki hægt að fá (ekki í símstöðinni) og þar með þarf gsm posa sem er afar hægur. Sjónvarp næst með til þess gerðu

loftneti. Tölvu er aðeins hægt að tengja í gegnum gsm. Rás 2 næst ekki á útvarp í skálanum. Ferðapjónustuaðili í Hvalfirði.

Ég bý á xxx og hér er fin nettenging en við náum ekki Stöð 2 eða Skjá einum. Það sem við sjáum hér er ríkissjónvarpið og ekki annað. Útvarp næst ágætlega en ekki í neinum súpergæðum (notum álpappír eða framlengingar sumstaðar í húsinu). Ég er með ferðapjónustu í xxx og það er sama þar nettenging fin en ekki neitt nema RUV og útvarp næst en ekki mjög vel.

Ferðapjónustubóndi í Kjós

Við erum með internettengingu hérna í gegnum símasnúru, samt erum við með ADSL á svæðinu, næst bara ekki nógu vel. Útvarp næst ekki hérna og við höfum verið að lenda í vandræðum með sjónvarpsútsendingu líka. Við erum akkurat stöð ofan í lægð við Laxá í Leirársveit og það virðist sem sendirinn nái ekki til okkar. Væri alveg til í að þetta myndi lagast þar sem við erum með ferðapjónustu á svæðinu. Ferðapjónustuaðili í Leirársveit

Ég hef aðgang að öllu neðangreindu. Þess utan er búið að tengja ljósleiðara inn í húsið sem ég hef ekki notfært mér. Ferðapjónustuaðili Akranesi

Ég er með frá símanum. Netið dettur mjög oft út hjá mér svo er þetta allt mjög hægt. Ég var að reyna að fá inn hjá mér ljósnetið en þá er alltaf sama svarið ég er of langt í burtu frá simstöð. Ég er í 5 kílómetra fjarlæg- hvað meira get ég sagt þér?

Bóndi í Hvalfirði

Borgarfjarðardalir

Hér er mjög lélegt gsm samband ekki nema á vissum stöðum í húsinu þurfum helst að vera klesst upp á glugga til að ná sambandi. Rás 1 næst mjög illa og stöð 2 næst ekki hér um slóðir. ekkert nema sjónvarp allra landsmanna.

Bóndi í Lundarreykjadal.

Mér finnst nettengingin hérna vera frekar léleg. Ég er með spegil frá NOVA en ég vissi ekki annað en ég ætti að komast inn í þetta fjarskiptasjóðsverkefni. Féll svo út úr því vegna þess að EMAX sagði fjarskiptasjóði (en ekki mér) að ég væri inni á þeirra svæði. Voru áður búnir að segja að þeir gætu ekki þjónustað okkur. Þegar ég hafði svo samband aftur við fjarskiptasjóð held ég að við höfum komist inn á listann aftur en höfum engan séð eða heyrt frá símanum. GSM samband er hérna mjög slitrótt eða götött. Sími sem liggur kyrr á borði getur verið að detta út og inn. Við náum ríkisstöðvunum svona sæmilega oftast en ég hef ekkert reynt við stöð tvö. Hef svosem engar áhyggjur af því.

Bóndi í Flókadal

Á xxx er ekki gott GSM samband og 3G samband er ekki til staðar.

Stöð tvö næst ekki í Lundarreykjadal og aðrar sjónvarpsstöðvar nást ekki heldur.

Rás 1 næst ekki nema með sérstöku loftnet og magnara sem þýðir að einungis útvarp sem er fasttengt við hann virkar. Rás 2 næst ekki allsstaðar t.d. ekki í fjósinu. Bylgjan næst vel allsstaðar en annað ekki Nettenging er með örbylgjusambandi frá Nepal sem er ágætt þegar það er best en er því miður ansi misjafnt. Nú hefur Nepal boðað betra samband frá og með sumrinu.

Bóndi í Lundarreykjadal

Það er ekki langt síðan að netsambandið var oft að detta út í Reykholtisdal, stundum í langan tíma í einu. Við skiptum við Emax, og hefur fyrirtækið náð að stórlaga þjónustu sína við Snorrastofu, enda dettur netið ekki eins oft út og áður. Þá höfum við mjög takmarkaðan aðgang að sjónvarpi, erum með Digital Ísland, sem takmarkast við 8 rásir. Við getum því ekki keypt neitt annað en Stöð 2 og þær rásir sem tengjast þeirri stöð (Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, Stöð 2 Extra o.s.frv.). Síðan erum við auðvitað með Ríkissjónvarpið, en útvarp heyrir illa í Reykholtisdal. Hér er sem sagt ekkert ADSL, fyrir utan það sem Nepal ehf. kys að kalla því nafni, en því fylgir ekkert sjónvarp.

Rekstraraðili í Reykholtisdal

Í xxx er netsamband ágætt. GSM samband er mjög lélegt. Stöð 2 næst ekki. Rás 1 næst ekki. Aðrar sjónvarpsstöðvar ekki.
Bóndi í Lundarreykjadal

Við erum með Vodaphone gsm samband. Síminn næst illa sumstaðar er 3G. Við erum með gervihnatta diska til að ná fleiri sjónvarpsstöðvum. Við erum með ADSL Símans en núna fyrir 2 mánuðum fengum við sjónvarp Símans og náum þá Stöð 2 og öllum þeim stöðvum sem þar bjóðast. Við náum rás 1 og rás 2 - sumstaðar Bylgjunni. Við erum búin að berjast í því síðan við komum hingað að fá aðra símalínu sem var að koma núna fyrir 2 mánuðum.
Ferðaþjónustuaðili í Norðurárdal

Við erum með mjög léleg fjarskiptasamband í Skorradal. Í raun allt lélegt og ekki næst nema lélegt sjónvarp RUV og RUV rás eitt útvarp. bæði mjög lélegt. GSM dettur oft út og netsamband er takmarkað; sumarhúsasamband um örbylgju, frá Hagar. Annað næst ekki. Það er samt endurvarpi upp á Kistufelli fyrir ofan bæinn okkar sem sendir fullt að dóti út um allt land. En toppurinn á fjallinu er í hvarfi við bæinn og alla sumarhúsaþyggðina sem núna tekur um 100 sumarhús í Dagverðarnesi. Hvernig á 2mB/s að nást hér?

Rekstraraðili, Skorradal

Dalabyggð

GSM frá símanum er ekki góð. Góð frá Vodafon. 3G-GSM ekki nógu hraðvirk. Stöð 2 ekki góð skilyrði; er alltaf að frjósa á skjánum. Aðrar sjónvarpsstöðvar nást ekki. Náum ekki + á ríkissjónvarpinu. Aðrar útvarpsendingar eru að mestu í lagi.

Bóndi á Fellsströnd, Dalabyggð.

3G samband á að vera komið um alla Dalabyggð en er þó töluvert ábótavant. Lélegt samband er á Spágilsstöðum, Goddastöðum og Vígholtsstöðum og í Sælingsdal. Lélegt samband er í Hörðudal frá Geirshlíð að Hlíð, þar fyrir innan eru Vífilsdalur, Tunga og Seljaland án GSM sambands. Samband á vegum er víða slitrótt. Útvarps- og sjónvarpsendingar eru víða vandamál. FM sendingar nást ekki í Vífilsdal og hlustað er á útvarp um langbylgju. Lélegt útvarpsamband er á Vestfjarðavegi frá Bröttubrekku að Erpsstöðum. Á Vatni í Haukadahl næst sjónvarp einungis um gervihnött.

Mýrar og sunnanvert Snæfellsnes

- GSM samband næst nánast ekkert innan húss hérna.
- 3G-GSM: Voða lélegt samband, næst utandyra.
- Stöð 2: Næst ekki.
- Aðrar sjónvarpsstöðvar: Rúv næst annað ekki.
- Rás1/Rás2: Nást.
- Aðrar útvarpsendingar. Nást ekki hér.
- Internet: Er voða misjafnt eftir veðrum T.d. í sól, þoku, rigningu, roki, snjókomu, og dettur oft út og nær nánast aldrei meiri hraða nema 1.7mb/s. Venjulegt netsamband hérna á bænum er í kringum 0.7-1.7mb/s. Þessi internet tenging stendur engan veginn undir kröfum.

Endurvarpsstöðin fyrir Rúv er voðalega léleg. Sorglegt við internetið er að það sé sírstöð sem er cirka 500m frá bænum en engin búnaður inn í henni til þess að ná ADSL tengingu.

Bóndi í Kolbeinsstaðarhreppi

Eftirfarandi er raunveruleikinn í xxx v. fjarskipti : Netsamband (Emax, Fíflholt) óviðunandi , sífellt að detta út, veit ekki um styrkleika. Ekki GSM. Ekki 3G, ekki stöð 2, Rúv eina sjónvarpsstöðin. Rás eitt, ekki tvö nema á langbylgju. Engar aðrar útvarpsstöðvar. Annað: Erfitt að eiga við þjónustu EMAX, þegar á þarf að halda, of langt frá Reykjavík. Sama á við um símann Bóndi á Mýrunum

Hér á mínum bæ er alveg þokkalega góð nettenging það er að vísu ekki 3G en Emax er með ágætis netsamband. En það sem er verra er sjónvarpið er alveg arfaslakt ég næ ekki Stöð 2 og rikissjónvarpið sést ekki; vel útvarp er mjög glöppótt.

Bóndi á Mýrunum.

Við í Hallkelsstaðahlíð eru með nettengingu frá Hringiðu. Sambandið dettur nokkuð oft út og oft er sambandið mjög lélegt og hægvirkt. Við náum bara RUV í sjónvarpi og rás 1 og tvö í útvarpi. Höfum reynt mikið að ná Stöð 2.

Ferðapjónustubóndi á Mýrunum.

Verulega er kvartað yfir netinu hér í Eyja- og Miklaholtshreppi, það er alltof hægvirkt og óöruggt.

Það er nú þannig að staðan hér á sunnanverðu Snæfellsnesi, Breiðavík-Staðarsveit-Eyja og Miklaholtshreppur og Kolbeinstaðhreppur er almennt döpur Við erum með samning við Hringiðuna sem býður upp á þráðlaust netsamband á svæðinu. En það eru enginn 2 mb/s tenging eins og var lofað. Telst gott að ná 200kb/s ef skilyrði eru góð. Þetta er ótrygg tenging og er oft að detta út, má kannski segja að dugi í lágmarksnotkun en alls ekki fullnægjandi. Og þeir sem þurfa virkilega á góðu sambandi að halda eru ekki í góðum málum t.d. ferðapjónustuaðilar og þeir sem þurfa vinnu sinnar vegna að vinna á miðlægum grunni og senda þung gögn á milli staða . Öll vinna bænda í sínum forritum eins og Fjárvís og Huppu er allt of hægvirkt.

Það hefur mikið verið legið í Hringiðumönnum að auka flutningsgetuna en þeir telja sig þurfa þá að fá aðgang að ljósleiðara símans sem hér liggur allstaðar rétt við bæi en þá stingst hnifurinn á bólakaf í kúna. Míla setur upp gríðarhátt leigugjald fyrir ljósleiðarann hef heyrt 800 þús á mánuði sem þýðir 10-12 þús. kr hækkun fyrir hvern notanda á mánuði sem færi þá í 15-17 þús á mán. Þannig er nú það Míla hefur alla möguleika á að veita þessu svæði almennilega ljósleiðaratengingu þar sem leiðarinn er til staðar og kofar með endaeiningum og þessháttar eru með reglulegu millibili.

Þannig að það vantar helling upp á að viðmið Fjarškipta sjóðs eigi við hér á þessu svæði. Nú veit ég að Hringiðumenn hafa boðið símanum að kaupa sitt dreifikerfi en veit ekki hvaða hlómgrunn það hefur fengið Hvað varðar þjónustu þá næst RUV held ég á svæðinu en ekki með góðu móti aðrar stöðvar Gsm er víðast í lagi en ekki allstaðar til dæmis ekki hér í kringum mig Ölkelda, Foss, Furubrekka Álftavatn, Lindarbrekka og Hóll. Samband öðru hvoru og þá bara á vissum stöðum ég heft t.d. gsm samband í einum glugga í íbúðarhúsinu en ekkert í útihúsum (sérlega skemmtilegt). Eins er með 3G sambandið mjög dapurt og hægvirkt og næst ekki þar sem gsm er lélegt.

Þetta sambandsleysi eins og ég vil kalla það er farið að valda miklum vandræðum hér um slóðir þar sem ferðapjónustan er í stöðugri sókn og þörfin á betri netsambandi er orðin mjög brýn. Þetta er nú staðan hér um slóðir og ekki hægt að fegra það neitt, hún er ófullnægjandi og verður að batna ef við eigum ekki að dragast afturúr sem áhugavert landsvæði til búsetu

Bóndi í Eyja- og Miklaholtshreppi

Í Fróðárhreppi kom Fjarškiptasjóður að málum og þar er nú hægt að vera með nútímanetsamband og komst það á sl. haust.Snæfellsbær ásamt Eyja- og Miklaholtshreppi og Borgarbyggð gerðu samning við Hringiðuna um að setja upp netsamband frá Hellnum inn á Mýrarnar, það gekk eftir að öllu leyti nema því að erfiðlega hefur gengið fyrir Hringiðuna að koma sambandinu út af svæðinu en þetta er búið að vera þannig í fjögur ár. Hvernig þetta mál endar er erfitt að segja um en afar brýnt er að það leysist á einhvern hátt, því gott netsamband er eitt af því sem fólk gerir kröfu um.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ

Vildi bara láta vita að nettengingin í xxx er ekki góð, og næst ekki sjónvarp símans.
Bóndi á Mýrunum

Vona að eitthvað verði hægt að gera því við erum með mjög lélegt samband á Arnarstapa nánast vinnuhamlandi. Hringiðjan hefur þjónustað þetta svæði og það er alls ekki nógu gott. Við höfum þurft að nota 3G frá símanum til að geta svarað pósti. Við höfum ekki Stöð 2 hún næst ekki á svæðinu. Við náum Rás 1 og 2 í útvarpi. Vona að gerðar verði úrbætur sem fyrst.
Bóndi á Mýrunum.

GSM samband: gott; 3G GSM: ekkert; Stöð 2: ekki; Aðrar sjónvarpstöðvar: bara rúv. Rás 1/Rás 2: Þær heyrast ágætlega mætti vera betra. Aðrar útvarpssendingar: inni húsum heyrast engar aðrar útvarpssendingar, bara út í túni með öflug loftnet.
Við erum mjög fegin að heyra að menn vilji skoða þessi mál og vonandi tekst að kippa í eitthvera spotta. Því við erum í þessum 3% hóp sem situr eftir þegar menn tala um að 97% þjóðarinnar geti notið eitthvers t.d. stöð2, ADLS og framvegis.
Ferðaþjónustubóndi í Kolbeinsstaðahreppi

Mig langaði bara rétt að láta þig vita að þar sem ég bý í xxx í hinum forna Álftaneshrepp er alveg glötuð nettenging og notum við Emax tengingu sem er sendir í Arnarstapaseli og sjáum við nú samt sendirinn heiman frá. Ágætt símasamband frá Símanum (sem er vegna þess að við búum í beinni línu frá sendi Símans uppá Grímsstöðum). Sjónvarp sama hvað það er, er mjög dapurt, við fengum okkur digital lykil frá Stöð 2 til að ná betra sambandi með því að vera með loftnetið í marga metra uppí loftið. En það dettur reglulega út hjá okkur. Útvarp hef ég ekki hlustað á síðan ég flutti hingað nema í gegnum netið. Svo að stundum þegar netið er mjög þungt í notkun og digitalið frosið, þá erum við vöðu litið í sambandi við umheiminn!
Bóndi á Mýrunum

EKKI veit ég hvort netsamband teljist óviðunandi hjá mér þó ekki sé hægt að kaupa mesta hraðann. En GSM samband er ekkert heima hjá mér. Þrátt fyrir að xxx teljist nú ekki langt fyrir utan almenna byggð. Einnig vil ég benda á að 3G samband og netsamband er ekkert í sumarbústaðasvæðinu Hálsabyggð, sumarbústaðasvæðinu við Langárós.
Svörin hjá símanum hafa verið að nýlega uppsettur 3G sendir í Borgarnesi dregur eingöngu í sjónlínu, þannig að það sem fer fyrir aftan hæð eða þúfu þarf að fara í gegnum sendi uppi á Grímsstaðamúla. Sem er einungis 2G.
Þetta gildir einnig um Lambalæk, (gamla Galtarholtshúsið) sem Ensku húsin reka sem ferðaþjónustu allt árið um kring, þar er slitrótt GSM samband og þar af leiðandi ekki hægt að hafa 3G netþing né neitt annað ráð fyrir Internet. Þar nær loftnet illa og ekki er möguleiki fyrir Stöð 2.
Ferðaþjónustuaðili á Mýrunum

Hér í Staðarsveitinni er netsamband algjörlega óviðunandi ...og veit ég af fólki sem hafði í hyggju að flytja hingað, og stunda sína vinnu gengum tölvu. En treystir sér ekki til þess, vegna lélegs sambands. Oft dettur allt út, kannski þegar maður er í einhverju verkefniog allt hverfur eins og dökk fyrir sólu og ekkert hægt að gera, annað en að biða þolinmóður eftir sambandi og byrja aftur uppá nýtt. Það er umhugsunarvert að þvert yfir landareignir okkar liggur ljósleiðari sem okkur er svo ekki boðið uppá að nýta?
Rúv er eina sjónvarpstöðin sem næst hérna, svo nást mismunandi útvarpstöðvar eftir staðsetningu.
Bóndi í Staðarsveit

Í gestastofunni á Hellnum erum við bara með ISDN samband sem er mjög hægvirkt á nútímavísu. Ég held að þar sé ekki 3G-samband. Hér á Hellissandi er almennt lélegt útvarpssamband nema fyrir þau tæki sem eru tengd símalínu. Ég næ ekki Rás 1 og 2 nema í einum glugga og illa þar!
Þjóðgarðsvörður

Norðanvert Snæfellsnes

Við höfum sæmilega nettengingu ekki háhraða þar af leiðandi náum við ekki nema mjög lélegu sjónvarpi, fórum í kostnaðarsama aðgerð að setja upp disk til að ná Ríkissjónvarpinu í gegnum gervihnönn uróum að kaupa tvo diska annan fyrir okkur og hinn fyrir foreldra mína (borgum okkar afnotagjöld) Stöð 2 og aðrar sjónvarpsstöðvar sjást alls ekki, útvarp er í lélegri kantinum hlustum oftast á langbylgjuna. Það er búið að setja upp miklar græjur upp á Klakkinn; Síminn og Tetra kerfið ljósleiðarinn var tengdur þangað. Höfum vesenast mikið í þessum málum en ekkert eða lítið skilað sér Gsm samband er í lágmarki en gott á nokkrum puntum heima við.

Bóndi í Grundarfjarðarbæ

A xxx er samband í gegnum 3G kerfi Nova og á Skarðsströnd er víðast gott samband í gegnum senda frá Reykhólum.

Hér í xxx eru allar tengingar góðar.

Ferðþjónustuaðili í Grundarfirði

Hér hefur alltaf verið mjög lélegt tölvusamband, enda léleg heimtenging hjá Símanum sem leyfði ekki ISDN tengingu. Í desember síðastliðnum fengum við úrlausn með gervihnattadisk (eins og næsti bær, Valþúfa). Það var talinn eini möguleikinn. Þetta mun vera í gegnum gervihnattartengingu fyrir sjómenn á hafí úti, þannig að hraðinn er nokkuð mismunandi eftir álagi. Áskriftin hljóðar uppá Internet grunnáskrift 1GB, kr. 3.290, föst IP tala kr. 504 og leigugjald VSAT beinis kr. 450. (Veit ekki hvort það þýðir 1GB/s tenging).

Við reyndum tölvutengingu með 3G pung en það virkaði ekki.

Gsm skilyrði eru svo til engin, á einum stað í íbúðarhúsinu er stundum 1 punktur. Þá sér maður ef einhver hefur reynt að hringja. 3G skilyrði eru engin í íbúðarhúsinu. (Hins vegar eru punktar á jarðeigninni þar sem hægt er að hringja.)

Stöð 2 næst ekki á xxx, ekki heldur Skjár 1, hér næst eingöngu RÚV sjónvarp. Rás1/Rás2 nást vel, Bylgjan sömuleiðis en ekki aðrar stöðvar.

Það sem er mest áriðandi er að hafa hraðskreiða tölvutengingu. Í dag er það alveg nauðsynlegt fyrir bændur. Vegna almenns öryggis þarf auðvitað að hafa gsm skilyrði um alla landareignina, þmt. heima við.

Bóndi, Fellsströnd, Dalasýslu.

Viðauki I. Vitnisburður íbúa

Fyrirspurnir voru sendar út á alla sveitarstjóra, alla starfandi bændur á Vesturlandi og lista Markaðsstofu Vesturlands yfir aðila í ferðapjónustu. Fólk var beðið um að gera grein fyrir helstu vandamálum tengd fjarskiptum á sínum stöðum. Hér að neðan eru þessar reynslusögur flokkaðar eftir svæðum.

Hvalfjarðarsveit

Á xxx er þráðlaust net á vegum emax. Ég ætla svo sem ekkert að kvarta neitt sérstaklega undan því, yfirleitt eru skilyrði bara alveg ágæt, en það koma samt tímabil þar sem þetta er algjörlega óviðunandi ástand. Við höfum engan möguleika á öðru, t.d. ljósleiðara, gsm pung, adsl eða hvað sem þetta nú allt heitir!

Þá er vonlaust að tala í gsm síma hér, sem er algjörlega afleitt.

Rás 1 og 2 nást ágætlega í útvarpi, en þar með eru þær stöðvar sem nást upp taldar.

Ríkissjónvarpið sést yfirleitt og oftast í lit og yfirleitt hljóð með en það gerist samt nokkrum sinnum á ári að sjónvarpsskiyrði hér eru það léleg að það reynist ógerlegt að horfa á ríkissjónvarpið. Hvað þá aðrar stöðvar, þær nást engan vegin.

Við erum um 10 manns sem búum hér á xxx, og erum m.a. að baslast við að reka hér nokkur fyrirtæki og þjónustu. Urbætur í fjarskiptum hér væru þvílík bylting!

Ferðapjónustubóndi í Hvalfirði

Það tók okkur langan tíma og mikið þras að koma netmálum í þokkalegt stand, á tímabili gekk ekki fyrir xxx að vinna heiman frá okkur líkt og hún hafði samning um í vinnunni þar sem tengingin var léleg.

Nánast ekkert gsm samband er innandyra og útvarp og sjónvarp vægast sagt mjög lélegt.

Ekki er allstaðar hægt að hlusta á útvarpssendingar í húsum og netið ekki nógu öflugt til að t.d. sé hægt að horfa á sjónvarpsútsendingar eða hlusta á útvarp úr tölvu með góðu móti!

Gott netsamband og fleiri möguleikar á sjónvarpi og útvarpi væri þvílíkt til að bæta ástandið þarna og ég tala nú ekki um fyrir atvinnustarfssemi og sumarhúsabyggð.

Bændur í Hvalfirði

Niðurhalshraði minn er 1,4 mb/s og upphalshraði er 281 - 350 kl. 20:38 þann 25 maí 2011.

Bóndi í Melasveit

Netsambandið á xxx í Melasveit er mjög ábótavant. Eina lausnin sem hefur verið í boði er Emax en það hefur dettur út í tíma og ótíma.

Bóndi í Melasveit

Ég er líklega einn af þeim sem er sagður vera með góða nettengingu og hún er það eflaust á nóttinni en hún dettur mjög hratt niður þegar fólk kemur heim úr vinnu eða skóla og er stundum það slæm að maður þarf að bíða á aðra mínútu eftir því að venjulegar fréttasíður komi upp. Hún getur verið góð og mjög slæm og allt þar á milli. Við erum tengd Emax. Ég prufaði hana rétt áðan en þá var klukkan orðin 23,45 og var niðurhalið 813kb/s og upphalið 132 kb/s en ég hef séð hana fara aðeins yfir 1500 kb/s. Bóndi í Melasveit.

Hérna kemur staðan eins og hún er hjá okkur:

- GSM og 3G: Alls ekki nógu gott og fer eftir því hvað maður er staðsettur í húsinu/húsunum.
- Sjónvarp (RUV/Stöð 2): Ágætt
- Rás1/Rás2: Mjög gott en aðrar útvarpssendingar, sumar góðar en aðrar ekki.

Ferðapjónustuaðili í Hvalfirði

Hér í xxx í Hvalfirði er staðan þannig að sími virkar; Gsm virkar að heita má; ADSL er ekki hægt að fá (ekki í símstöðinni) og þar með þarf gsm posa sem er afar hægur. Sjónvarp næst með til þess gerðu

loftneti. Tölvu er aðeins hægt að tengja í gegnum gsm. Rás 2 næst ekki á útvarp í skálanum. Ferðaðjónustuaðili í Hvalfirði.

Ég bý á xxx og hér er fin nettenging en við náum ekki Stöð 2 eða Skjá einum. Það sem við sjáum hér er ríkissjónvarpið og ekki annað. Útvarp næst ágætlega en ekki í neinum súpergæðum (notum álpappír eða framlengingar sumstaðar í húsinu). Ég er með ferðaðjónustu í xxx og það er sama þar nettenging fin en ekki neitt nema RUV og útvarp næst en ekki mjög vel.

Ferðaðjónustubóndi í Kjós

Við erum með internettengingu hérna í gegnum símasnúru, samt erum við með ADSL á svæðinu, næst bara ekki nógu vel. Útvarp næst ekki hérna og við höfum verið að lenda í vandræðum með sjónvarpsútsendingu líka. Við erum akkurat stöð ofan í lægð við Laxá í Leirársveit og það virðist sem sendirinn nái ekki til okkar. Væri alveg til í að þetta myndi lagast þar sem við erum með ferðaðjónustu á svæðinu. Ferðaðjónustuaðili í Leirársveit

Ég hef aðgang að öllu neðangreindu. Þess utan er búið að tengja ljósleiðara inn í húsið sem ég hef ekki notið mér. Ferðaðjónustuaðili Akranesi

Ég er með frá símanum. Netið dettur mjög oft út hjá mér svo er þetta allt mjög hægt. Ég var að reyna að fá inn hjá mér ljósnetið en þá er alltaf sama svarið ég er of langt í burtu frá símstöð. Ég er í 5 kílómetra fjarlæg- hvað meira get ég sagt þér?

Bóndi í Hvalfirði

Borgarfjarðardalir

Hér er mjög lélegt gsm samband ekki nema á vissum stöðum í húsinu þurfum helst að vera klesst upp á glugga til að ná sambandi. Rás 1 næst mjög illa og stöð 2 næst ekki hér um slóðir. ekkert nema sjónvarp allra landsmanna.

Bóndi í Lundarreykjadal.

Mér finnst nettengingin hérna vera frekar léleg. Ég er með spegil frá NOVA en ég vissi ekki annað en ég ætti að komast inn í þetta fjarskiptasjóðsverkfni. Féll svo út úr því vegna þess að EMAX sagði fjarskiptasjóði (en ekki mér) að ég væri inni á þeirra svæði. Voru áður búnir að segja að þeir gætu ekki þjónustað okkur. Þegar ég hafði svo samband aftur við fjarskiptasjóð held ég að við höfum komist inn á listann aftur en höfum engan séð eða heyrt frá símanum. GSM samband er hérna mjög slitrótt eða götött. Sími sem liggur kyrr á borði getur verið að detta út og inn. Við náum ríkisstöðvunum svona sæmilega oftast en ég hef ekkert reynt við stöð tvö. Hef svo sem engar áhyggjur af því.

Bóndi í Flókadal

Á xxxx er ekki gott GSM samband og 3G samband er ekki til staðar.

Stöð tvö næst ekki í Lundarreykjadal og aðrar sjónvarpsstöðvar nást ekki heldur.

Rás 1 næst ekki nema með sérstöku loftnet og magnara sem þýðir að einungis útvarp sem er fasttengt við hann virkar. Rás 2 næst ekki allsstaðar t.d. ekki í fjósinu. Bylgjan næst vel allsstaðar en annað ekki Nettenging er með örbylgjusambandi frá Nepal sem er ágætt þegar það er best en er því miður ansi misjafnt. Nú hefur Nepal boðað betra samband frá og með sumrinu.

Bóndi í Lundarreykjadal

Það er ekki langt síðan að netsambandið var oft að detta út í Reykholtssdal, stundum í langan tíma í einu. Við skiptum við Emax, og hefur fyrirtækið náð að stórlaga þjónustu sína við Snorrastofu, enda dettur netið ekki eins oft út og áður. Þá höfum við mjög takmarkaðan aðgang að sjónvarpi, erum með Digital Ísland, sem takmarkast við 8 rásir. Við getum því ekki keypt neitt annað en Stöð 2 og þær rásir sem tengjast þeirri stöð (Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, Stöð 2 Extra o.s.frv.). Síðan erum við auðvitað með Ríkissjónvarpið, en útvarp heyrir illa í Reykholtssdal. Hér er sem sagt ekkert ADSL, fyrir utan það sem Nepal ehf. kys að kalla því nafni, en því fylgir ekkert sjónvarp.

Rekstraraðili í Reykholtssdal

*Í xxx er netsamband ágætt. GSM samband er mjög lélegt. Stöð 2 næst ekki. Rás 1 næst ekki. Aðrar sjónvarpsstöðvar ekki.
Bóndi í Lundarreykjadal*

*Við erum með Vodaphone gsm samband. Síminn næst illa sumstaðar er 3G. Við erum með gervihnatta diska til að ná fleiri sjónvarpsstöðvum. Við erum með ADSL Símans en núna fyrir 2 mánuðum fengum við sjónvarp Símans og náum þá Stöð 2 og öllum þeim stöðvum sem þar bjóðast. Við náum rás 1 og rás 2 - sumstaðar Bylgjunni. Við erum búin að berjast í því síðan við komum hingað að fá aðra símalínu sem var að koma núna fyrir 2 mánuðum.
Ferðaþjónustuaðili í Norðurárdal*

Við erum með mjög léleg fjarskiptasamband í Skorradal. Í raun allt lélegt og ekki næst nema lélegt sjónvarp RUV og RUV rás eitt útvarp. bæði mjög lélegt. GSM dettur oft út og netsamband er takmarkað; sumarhúsasamband um örbylgju, frá Hagar. Annað næst ekki. Það er samt endurvarpi upp á Kistufelli fyrir ofan bæinn okkar sem sendir fullt að dóti út um allt land. En toppurinn á fjallinu er í hvarfi við bæinn og alla sumarhúsabyggðina sem núna tekur um 100 sumarhús í Dagverðarnesi. Hvernig á 2mB/s að nást hér?

Rekstraraðili, Skorradal

Dalabyggð

GSM frá símanum er ekki góð. Góð frá Vodafon. 3G-GSM ekki nógu hraðvirk. Stöð 2 ekki góð skilyrði; er alltaf að frjósa á skjánum. Aðrar sjónvarpsstöðvar nást ekki. Náum ekki + á ríkissjónvarpinu. Aðrar útvarpssendingar eru að mestu í lagi.

Bóndi á Fellsströnd, Dalabyggð.

3G samband á að vera komið um alla Dalabyggð en er þó töluvert ábótavant. Lélegt samband er á Spágilsstöðum, Goddastöðum og Vígholtsstöðum og í Sælingsdal. Lélegt samband er í Hörðudal frá Geirshlíð að Hlíð, þar fyrir innan eru Vífildalur, Tunga og Seljaland án GSM sambands. Samband á vegum er víða slitrótt. Útvarps- og sjónvarpssendingar eru víða vandamál. FM sendingar nást ekki í Vífildal og hlustað er á útvarp um langbylgju. Lélegt útvarpssamband er á Vestfjarðavegi frá Bröttubrekku að Erpsstöðum. Á Vatni í Haukadal næst sjónvarp einungis um gervihnött.

Mýrar og sunnanvert Snæfellsnes

- GSM samband næst nánast ekkert innan húss hérna.

- 3G-GSM: Voða lélegt samband, næst utandyra.

- Stöð 2: Næst ekki.

- Aðrar sjónvarpsstöðvar: Rúv næst annað ekki.

- Rás1/Rás2: Nást.

- Aðrar útvarpssendingar. Nást ekki hér.

- Internet: Er voða misjafnt eftir veðrum T.d. í sól, þoku, rigningu, roki, snjókomu, og dettur oft út og nær nánast aldrei meiri hraða nema 1.7mb/s. Venjulegt netsamband hérna á bænum er í kringum 0.7-1.7mb/s. Þessi internet tenging stendur engan veginn undir kröfum.

Endurvarpsstöðin fyrir Rúv er voðalega léleg. Sorglegt við internetið er að það sé sírstöð sem er cirka 500m frá bænum en engin búnaður inn í henni til þess að ná ADSL tengingu.

Bóndi í Kolbeinsstaðarhreppi

Eftirfarandi er raunveruleikinn í xxx v. fjarskipti : Netsamband (Emax, Fíflholt) óviðunandi , sífellt að detta út, veit ekki um styrkleika. Ekki GSM, Ekki 3G, ekki stöð 2, Rúv eina sjónvarpsstöðin. Rás eitt, ekki tvö nema á langbylgju. Engar aðrar útvarpsstöðvar. Annað: Erfitt að eiga við þjónustu EMAX, þegar á þarf að halda, of langt frá Reykjavík. Sama á við um símann Bóndi á Mýrunum

Hér á minum bæ er alveg þokkalega góð nettenging það er að visu ekki 3G en Emax er með ágætis netsamband. En það sem er verra er sjónvarpið er alveg arfaslakt ég næ ekki Stöð 2 og ríkissjónvarpið sést ekki; vel útvarp er mjög glöppótt.
Bóndi á Mýrunum.

Við í Hallkelsstaðahlíð eru með nettengingu frá Hringiðu. Sambandið dettur nokkuð oft út og oft er sambandið mjög lélegt og hægvirkt. Við náum bara RUV í sjónvarpi og rás 1 og tvö í útvarpi. Höfum reynt mikið að ná Stöð 2.
Ferðaþjónustubóndi á Mýrunum.

Verulega er kvartað yfir netinu hér í Eyja-og Miklaholtshreppi, það er alltof hægvirkt og óöruggt.

Það er nú þannig að staðan hér á sunnanverðu Snæfellsnesi, Breiðavík-Staðarsveit-Eyja og Miklaholtshreppur og Kolbeinstaðhreppur er almennt döpur Við erum með samning við Hringiðuna sem býður upp á þráðlaust netsamband á svæðinu. En það eru enginn 2 mb/s tenging eins og var lofað. Telst gott að ná 200kb/s ef skilyrði eru góð. Þetta er ótrygg tenging og er oft að detta út, má kannski segja að dugi í lágmarksnotkun en alls ekki fullnægjandi. Og þeir sem þurfa virkilega á góðu sambandi að halda eru ekki í góðum málum t.d. ferðaþjónustuaðilar og þeir sem þurfa vinnu sinnar vegna að vinna á miðlægum grunni og senda þung gögn á milli staða . Öll vinna bænda í sínum forritum eins og Fjarvís og Huppu er allt of hægvirkt.

Það hefur mikið verið legið í Hringiðumönnum að auka flutningsgetuna en þeir telja sig þurfa þá að fá aðgang að ljósleiðara símans sem hér liggur allstaðar rétt við bæi en þá stingst hnífurinn á bólakaf í kúna. Míla setur upp gríðarhátt leigugjald fyrir ljósleiðarann hef heyrt 800 þús á mánuði sem þýðir 10-12 þús. kr hækkun fyrir hvern notanda á mánuði sem færi þá í 15-17 þús á mán. Þannig er nú það Míla hefur alla möguleika á að veita þessu svæði almennilega ljósleiðaratengingu þar sem leiðarinn er til staðar og kofar með endaeiningum og þessháttar eru með reglulegu millibili.

Þannig að það vantar helling upp á að viðmið FjarSKIPTA sjóðs eigi við hér á þessu svæði. Nú veit ég að Hringiðumenn hafa boðið símanum að kaupa sitt dreifikerfi en veit ekki hvaða hljómgrunn það hefur fengið Hvað varðar þjónustu þá næst RUV held ég á svæðinu en ekki með góðu móti aðrar stöðvar Gsm er víðast í lagi en ekki allstaðar til dæmis ekki hér í kringum mig Ölkelda, Foss, Furubrekka Álfvatn, Lindarbrekka og Hóll. Samband öðru hvoru og þá bara á vissum stöðum ég heft t.d. gsm samband í einum glugga í íbúðarhúsinu en ekkert í útihúsum (sérlega skemmtilegt). Eins er með 3G sambandið mjög dapurt og hægvirt og næst ekki þar sem gsm er lélegt.

Þetta sambandsleysi eins og ég vil kalla það er farið að valda miklum vandræðum hér um slóðir þar sem ferðaþjónustan er í stöðugri sókn og þörfin á betri netsambandi er orðin mjög brýn. Þetta er nú staðan hér um slóðir og ekki hægt að fegra það neitt, hún er ófullnægjandi og verður að batna ef við eigum ekki að dragast afturúr sem áhugavert landsvæði til búsetu

Bóndi í Eyja- og Miklaholtshreppi

Í Fróðárhreppi kom FjarSKIPTASjóður að málum og þar er nú hægt að vera með nútímanetsamband og komst það á sl. haust.Snæfellsbær ásamt Eyja- og Miklaholtshreppi og Borgarbyggð gerðu samning við Hringiðuna um að setja upp netsamband frá Hellnum inn á Mýrarnar, það gekk eftir að öllu leyti nema því að erfiðlega hefur gengið fyrir Hringiðuna að koma sambandinu út af svæðinu en þetta er búið að vera þannig í fjögur ár. Hvernig þetta mál endar er erfitt að segja um en afar brýnt er að það leysist á einhvern hátt, því gott netsamband er eitt af því sem fólk gerir kröfu um.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ

Vildi bara láta vita að nettengingin í xxx er ekki góð, og næst ekki sjónvarp símans.
Bóndi á Mýrunum

Vona að eitthvað verði hægt að gera því við erum með mjög lélegt samband á Arnarstapa nánast vinnuhamlandi. Hringiðjan hefur þjónustað þetta svæði og það er alls ekki nógu gott. Við höfum þurft að nota 3G frá símanum til að geta svarað pósti. Við höfum ekki Stöð 2 hún næst ekki á svæðinu. Við náum Rás 1 og 2 í útvarpi. Vona að gerðar verði úrbætur sem fyrst.
Bóndi á Mýrunum.

GSM samband: gott; 3G GSM: ekkert; Stöð 2: ekki; Aðrar sjónvarpstöðvar: bara rúv. Rás 1/Rás 2: Þær heyrast ágætlega mætti vera betra. Aðrar útvarpssendingar: inni húsum heyrast engar aðrar útvarpssendingar, bara út í túni með öflug loftnet.
Við erum mjög fegin að heyra að menn vilji skoða þessi mál og vonandi tekst að kippa í eitthvera spotta. Því við erum í þessum 3% hóp sem situr eftir þegar menn tala um að 97% þjóðarinnar geti notið eitthvers t.d. stöð2, ADLS og framvegis.
Ferðaþjónustubóndi í Kolbeinsstaðahreppi

Mig langaði bara rétt að láta þig vita að þar sem ég bý í xxx í hinum forna Álftaneshrepp er alveg glötuð nettenging og notum við Emax tengingu sem er sendir í Arnarstapaseli og sjáum við nú samt sendirinn heiman frá. Ágætt símasamband frá Símanum (sem er vegna þess að við búum í beinni línu frá sendi Símans uppá Grímsstöðum). Sjónvarp sama hvað það er, er mjög dapurt, við fengum okkur digital lykil frá Stöð 2 til að ná betra sambandi með því að vera með loftnetið í marga metra uppí loftið. En það dettur reglulega út hjá okkur. Útvarp hef ég ekki hlustað á síðan ég flutti hingað nema í gegnum netið. Svo að stundum þegar netið er mjög þungt í notkun og digitalið frosið, þá erum við voða lítið í sambandi við umheiminn!
Bóndi á Mýrunum

Ekki veit ég hvort netsamband teljist óviðunandi hjá mér þó ekki sé hægt að kaupa mesta hraðann. En GSM samband er ekkert heima hjá mér. Þrátt fyrir að xxx teljist nú ekki langt fyrir utan almenna byggð. Einnig vil ég benda á að 3G samband og netsamband er ekkert í sumarbústaðasvæðinu Hálsabyggð, sumarbústaðasvæðinu við Langárós.
Svörin hjá símanum hafa verið að nýlega uppsettur 3G sendir í Borgarnesi dregur eingöngu í sjónlínu, þannig að það sem fer fyrir aftan hæð eða þúfu þarf að fara í gegnum sendi uppi á Grímsstaðamúla. Sem er einungis 2G.
Þetta gildir einnig um Lambalæk, (gamla Galtarholtshúsið) sem Ensku húsin reka sem ferðaþjónustu allt árið um kring, þar er slitrótt GSM samband og þar af leiðandi ekki hægt að hafa 3G netþing né neitt annað ráð fyrir Internet. Þar nær loftnet illa og ekki er möguleiki fyrir Stöð 2.
Ferðaþjónustuaðili á Mýrunum

Hér í Staðarsveitinni er netsamband algjörlega óviðunandi ...og veit ég af fólki sem hafði í hyggju að flytja hingað, og stunda sína vinnu gengum tölvu. En treystir sér ekki til þess, vegna lélegs sambands. Oft dettur allt út, kannski þegar maður er í einhverju verkefniog allt hverfur eins og dökk fyrir sólu og ekkert hægt að gera, annað en að bíða þolinmóður eftir sambandi og byrja aftur uppá nýtt. Það er umhugsunarvert að þvert yfir landareignir okkar liggur ljósleiðari sem okkur er svo ekki boðið uppá að nýta?
Rúv er eina sjónvarpstöðin sem næst hérna, svo nást mismunandi útvarpstöðvar eftir staðsetningu.
Bóndi í Staðarsveit

Í gestastofunni á Hellnum erum við bara með ISDN samband sem er mjög hægvirkt á nútímavísu. Ég held að þar sé ekki 3G-samband. Hér á Hellissandi er almennt lélegt útvarpssamband nema fyrir þau tæki sem eru tengd símalínu. Ég næ ekki Rás1 og 2 nema í einum glugga og illa þar!
Þjóðgarðsvörður

Norðanvert Snæfellsnes

Við höfum sæmilega nettengingu ekki háhraða þar af leiðandi náum við ekki nema mjög lélegu sjónvarpi, fórum í kostnaðarsama aðgerð að setja upp disk til að ná Ríkissjónvarpinu í gegnum gervihnötti urðum að kaupa tvo diska annan fyrir okkur og hinn fyrir foreldra mína (borgum okkar afnotagjöld) Stöð 2 og aðrar sjónvarpsstöðvar sjást alls ekki, útvarp er í lélegri kantinum hlustum oftast á langbylgjuna. Það er búið að setja upp miklar græjur upp á Klakkinn; Síminn og Tetra kerfið ljósleiðarinn var tengdur þangað. Höfum vesenast mikið í þessum málum en ekkert eða lítið skilað sér Gsm samband er í lágmarki en gott á nokkrum puntum heima við.

Bóndi í Grundarfjarðarþæ

xxx er samband í gegnum 3G kerfi Nova og á Skarðsströnd er víðast gott samband í gegnum senda Reykhólum.

Hér í xxx eru allar tengingar góðar.

Ferðafjónustuaðili í Grundarfirði

Hér hefur alltaf verið mjög lélegt tölvusamband, enda léleg heimtenging hjá Símanum sem leyfði ekki ISDN tengingu. Í desember síðastliðnum fengum við úrlausn með gervihnattadisk (eins og næsti bær, Valpúfa). Það var talinn eini möguleikinn. Þetta mun vera í gegnum gervihnattartengingu fyrir sjómenn á hafi úti, þannig að hraðinn er nokkuð mismunandi eftir álagi. Áskriftin hljóðar uppá Internet grunnáskrift 1GB, kr. 3.290, föst IP tala kr. 504 og leigugjald VSAT beinis kr. 450. (Veit ekki hvort það þýðir 1GB/s tenging).

Við reyndum tölvutengingu með 3G pung en það virkaði ekki.

Gsm skilyrði eru svo til engin, á einum stað í íbúðarhúsinu er stundum 1 punktur. Þá sér maður ef einhver hefur reynt að hringja. 3G skilyrði eru engin í íbúðarhúsinu. (Hins vegar eru punktar á jarðeigninni þar sem hægt er að hringja.)

Stöð 2 næst ekki á xxx, ekki heldur Skjár 1, hér næst eingöngu RÚV sjónvarp. Rás1/Rás2 nást vel, Bylgjan sömuleiðis en ekki aðrar stöðvar.

Það sem er mest áriðandi er að hafa hraðskreiða tölvutenginu. Í dag er það alveg nauðsynlegt fyrir bændur. Vegna almenns öryggis þarf auðvitað að hafa gsm skilyrði um alla landareignina, þmt. heima við.

Bóndi, Fellsströnd, Dalasýslu.